


# UMBOÐSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	6/8 2020
Málsnr:	18 01 505
Bréfal:	320

Mál nr. 9938/2018

Reykjavík, 13. júlí 2020

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar  
Línnetstíg 3  
220 Hafnarfirði

Ég vísa til fyrri samskipta vegna frumkvæðisathugunar minnar, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, á stöðu einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslensku í samskiptum þeirra við stjórnvöld. Ég tel rétt að upplýsa að ég hef nú lokið athugun minni og sendi hér með álit mitt af því tilefni.

Við upphaf athugunarinnar óskaði ég eftir nánar tilteknum upplýsingum frá 29 stjórnvöldum sem var ætlað að varpa ljósi á framkvæmd og afstöðu stjórnvalda að þessu leyti. Í fylgiskjali með álitinu er birt samantekt á svörum þeirra.

Athugun mín laut einkum að því hvaða skyldur hvíla á stjórnvöldum til að eiga í samskiptum við borgarana á öðru tungumáli en íslensku. Þrátt fyrir að umfjölluninni í álitinu sé ætlað að draga með almennum hætti fram stöðu þessara mála hér á landi er í 5. kafla álitsins tilteknum ábendingum og tilmælum beint til stjórnvalda og Alþingis með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem rakin eru í álitinu. Ég vek sérstaka athygli á þeim tilmælum sem þar koma fram og er beint til stjórnvalda.

Álitið er sent þeim 29 stjórnvöldum sem fengu fyrirspurn vegna málsins en einnig er það sent öllum ráðherrum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Auk þess er álitið sent forseta Alþingis vegna þeirra lagalegu atriða sem þar er fjallað um.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson